

118
30. des.

SAMÞYKKT

um

breyting á fiskiveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar frá 22. nóvember 1929.

Í 1. grein, „í stað 30 smálestir“ komi 60 smálestir.

Við 2. málsgrein 2. greinar bætist: og frá 15. apríl til 11. maí kl. 8 e. m.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gert samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1817, sbr. lög nr. 21, 27. júní 1925 og lög nr. 29, 19. maí 1930, staðfestist hérmeð til þess að öðlast gildi 1. janúar 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. desember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

119

REIKNINGUR

yfir

tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1929.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 2273517.67
2. Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:	
a. Innlög á árinu	kr. 87852.32
b. Vextir lagðir við höfuðstól	— 112665.48
	—————
	— 200517.80
3. Vextir af útlánnum 1929	— 141482.54
4. Borgun fyrir viðskiptabækur, dráttarvexti o. fl.	— 5514.04
5. Vextir fyrir 1929 geymdir til útborgunar	— 15550.34
6. Höfuðstóll geymdur til útborgunar	— 356.67

—————
Kr. 2636939.06